



Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Nánari upplýsingar um starfssvið svæðisskipulagsstjóra

- Umsjón með og ábyrgð á stjórnarsýslubætti svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.
- Umsjón með uppbyggingu og viðhaldi gagnagrunna þ.m.t sem tengjast húsnæðismálum.
- Undirbúningur funda og eftirfylgni ákvarðana nefnda.
- Áætlanagerð vegna vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem og vegna viðhalds, úrvinnslu og framfylgd svæðisskipulagsins.
- Umsjón með útboðum og samningum vegna vinnu ráðgjafa og verktaka sem taka þátt í vinnu við svæðisskipulagið og önnur verkefni sem svæðisskipulagsstjóri tekur þátt í á vettvangi SSH.
- Samskipti við aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsins, stofnanir, hagsmunaaðila o.fl. sem koma þurfa að vinnu sem tengist úrvinnslu og framkvæmd svæðisskipulagsins og annara verkefna.
- Ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárhags- og verkáætlunar.
- Uppbygging og viðhald heimasíðu og vefsjár svæðisskipulagsins.
- Verkefni sem lúta að tengingu og tengslum endurskoðunar á vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og framkvæmd hennar, sem og við gerð og framkvæmd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.
- Verkefni sem tengjast Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins á vettvangi skipulagsmála.
- Verkefnastjórnun og þátttaka í starfs- og vinnuhópum á vettvangi SSH.
- Gerð umsagna við lagafrumvörp eða stefnumörkun ríkisins.
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri SSH felur svæðisskipulagsstjóra og tengjast starfi hans.

Svæðisskipulagsstjóri starfar með Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar, fagráði og þeim undirnefndum og verkefnahópum sem skipaðir eru. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri með samráðshópi um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu sem og öðrum hópum er tengjast starfsvettvangi svæðisskipulagsstjóra og þeim verkefnum sem hann kemur að.